



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 15. maí 2025
One: 2410796

Efni: Ágrip. Fannborgarreitur B1-1. Byggingaráform.

Lögð eru fram byggingaráform Nordic office of architecture f.h. lóðarhafa dags. 17. mars 2025 ásamt uppfærðum grunnmyndum bílakjallara einnig dags. 17. mars 2025, til afgreiðslu í samræmi við deiliskipulagsskilmála. Áformin voru áður lögð fram til kynningar á fundi ráðsins þann 17. mars sl.

Einnig eru lögð fram til upplýsinga og kynningar drög að aðkomuáætlun dags. 15. maí 2025, drög að merkingaáætlun dags. 22. apríl 2025, frum framkvæmdaáætlun, útgáfa B, ódagsett og minnisblað um framkvæmdafasa og ráðstafanir dags. 14. maí 2025. Viðbótargögnin eru unnin af Örug verkfræðistofu.

Það er mat undirritaðrar að ofangreind byggingaráform séu í samræmi við gildandi deiliskipulag. Drög að aðkomuáætlun, merkingaáætlun og framkvæmdaáætlun hafa fengið yfirferð og rýni á umhverfissviði og verða lögð inn til byggingarfulltrúa til samþykktar samhliða aðaluppdráttum.

Virðingarfyllst,

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi.

